

Ungmennavika NSU

Ungmennafélag Íslands er aðili að NSU - Nordisk Samorgnaisations for Ungdomsarbejde en samtökin standa fyrir viðburðum fyrir ungt fólk á Norðurlöndum á hverju ári. Ungmennavika NSU fer að þessu sinni fram í Karpenhøj sem er 50 km frá Aarhus dagana 3.-8.ágúst en flogið verður til og frá Billund. UMFÍ á sæti fyrir fimm þátttakendur á aldrinum 18.-20. ára að þessu sinni.

Yfirskrift vikunnar er *Norden redder Jorden Paly 4 the planet*. Fjallað verður um náttúruna okkar, loftslag á norðurlöndum í bland við ævintýri og leiðtogahæfileka ungs fólks á Norðurlöndum. Þátttakendur fá tækifæri til að reyna sig í ýmsum aðstæðum s.s kajak ferð, klifri og sofa úti í náttúrunni.

Þátttökugjaldið er 1500 dk. krónur ásamt ferðakostnaði en UMFÍ niðurgreiðir fyrir sína þátttakendur helming.

Umsóknafrestur er til 1.júní nk.

Allar nánari upplýsingar veitir

Sabína Steinunn Halldórsdóttir
Landsfulltrúi UMFÍ
sabina@umfi.is